

Þingsályktun

**um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2002,
um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.**

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2002 frá 8. nóvember 2002, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 889/2002 frá 13. maí 2002, um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97, um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa.

Samþykkt á Alþingi 13. mars 2003.